



Til sveitarfélaga

Akureyri, 2. mars 2021
2102045 KBR

Efni: Áhrif nýrrar jafnréttislöggjafar á sveitarfélög

Í desember 2020 voru samþykkt á Alþingi tvenn ný lög sem lúta að jafnréttismálum og leysa þau af hólmi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Nýju lögin eru annars vegar lög um stjórnslu jafnréttismála nr. 151/2020 og hins vegar lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Í lögnum um stjórnslu jafnréttismála er í 13. gr. fjallað um skyldur sveitarfélaga. Um er að ræða töluverðar breytingar frá lögum nr. 10/2008. Áætlanir sveitarfélaga í jafnréttismálum skulu nú taka til markmiða og aðgerða til að koma í veg fyrir mismunun, ekki eingöngu vegna kyns sbr. lög nr. 150/2020, heldur einnig sbr. lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu nr. 86/2018. Þá hefur einnig verið gerð sú breyting að ekki er lengur kveðið á um skipun sérstakra jafnréttisnefnda heldur skal sveitarstjórn fela byggðaráði eða annarri fastanefnd sveitarfélagsins að fara með jafnréttismál.

13. gr. Áætlanir sveitarfélaga um jafnréttismál.

Sveitarstjórnir skulu að afloknum sveitarstjórnarkosningum sjá til þess að innan hvers sveitarfélags verði gerð áætlun fyrir nýtt kjörtímabil um markmið og aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, þar sem m.a. komi fram hvernig unnið skuli að kynja- og jafnréttissjónarmiðum á öllum sviðum. Áætlun skal taka til markmiða og aðgerða til að stuðla að jafnrétti og jafnri meðferð við ráðstöfun fjármagns, í þjónustu sveitarfélagsins og starfsmannamálum, m.a. hvernig starfsfólki skuli tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 6.–14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Hún skal lögð fram til samþykktar í viðkomandi sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar, framvinda hennar rædd árlega í sveitarstjórn eftir það og hún endurskoðuð eftir þörfum.

Sveitarstjórn skal fela byggðaráði eða annarri fastanefnd sveitarfélags að fara með jafnréttismál sveitarfélagsins og hafa, með stuðningi starfsfólks, umsjón með undirbúningi áætlunar og framkvæmd hennar.



Sveitarstjórn er ekki jafnframt skylt að gera jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína skv. 5. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með framkvæmd þessa ákvæðis og veitir sveitarfélögum stuðning við framkvæmd þess.

Sveitarfélögin þurfa því, eigi síðar en ári eftir næstu sveitarstjórnarkosningar, að hafa samþykkt jafnréttisáætlanir sem ná til þeirra þátta sem tilgreindir eru hér að ofan.

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með því að sveitarfélög setji sér slíkar áætlanir og veitir einnig stuðning og ráðgjöf. Gefnar hafa verið út nýjar leiðbeiningar um gerð jafnréttisáætlana hjá sveitarfélögum. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar <https://www.jafnretti.is/static/files/Leiðbeiningar/jafnrettisaaetlanir-leidbeiningar-sveitarafelag-2021.pdf>

Jafnréttisstofa og Samband íslenskra sveitarfélaga telja mikil tækifæri í því fólgin fyrir sveitarfélögin að vinna góðar og metnaðarfullar áætlanir í jafnréttismálum á grundvelli nýrra jafnréttislaga og tryggja með því í orði jafnt sem borði að sveitarfélög verði samfélög án aðgreiningar í samræmi við meginmarkmið í stefnumörkun landsþings sambandsins 2018-2022, sbr.

„Mannréttindi

1.12


Sveitarfélög verði samfélög án aðgreiningar. Stefnt skal að því að jafnréttis- og mannréttindasjónarmið, s.s. alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, verði fléttuð inn í alla stefnumótun og lagasetningu sem snýr að sveitarfélögunum.“

Sveitarfélög eru hvött til að nýta vel þann tíma sem er fram til sveitarstjórnakosninga vorið 2022 til að undirbúa gerð nýrra áætlana í jafnréttismálum. Á landsfundi um jafnréttismál sveitarfélaga sem haldinn verður í haust verður fjallað sérstaklega um málið.

Virðingarfyllst,



Katrín Björg Ríkarðsdóttir
framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga